

Af þessu tilefni lætur ráðgjafinn ekki dragast að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að samkvæmt hinum gildandi reglum verður engin borgun veitt fyrir nefnda þýðingu. 178 10. okt.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um umsjónina með læriveinum hins lærða skóla.* — Jafnframt því að endursenda skjöl þau áhrærandi tilhögun umsjónarinnar við hinn lærða skóla m. fl., er fylgdu þóknanlegu brjefi stiptsyfirvaldanna dags. í gær en meðteknu í dag, vil jeg þjónustusamlega tjá yður það, er hjer segir: 179 11. okt.

1. Spurninguna um fækkun kennslustunda Bjarnar adjúnkts Ólsens hefi jeg borið undir ráðgjafan ásamt þeim ráðstöfunum í heild sinni, er leitt hafa af ályktun alþingis um skólamálið. Þangað til úrskurður ráðgjafans kemur, samþykkjast hjer með tillögur stiptsyfirvaldanna um þetta atriði í brjefi frá 11. f. m.¹
2. Það gefur ekkert verið á móti því, að herbergi því, sem notað er af öllum kennurum skólans og utan kennslustundanna af kennurum þeim, sem hafa umsjónina á hendi, sje lagt eldsneyti og ljós fyrir reikning skólans, en þar á móti vantar að mínu áliti heimild til, að veita adjúnkt Birni Ólsen ókeypis eldsneyti í ofn þann, sem er í íveruherbergi hans í vestanverðu skólahúsinu.
3. Frá minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðið verði, að adjúnkt Sigurður Sigurðsson hafi 22 kennslustundir um vikuna samkvæmt uppástungu rektors og stiptsyfirvaldanna.

— *Agrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skýrslu, þegar kona embættismanns deyr.* — Eptir að heimtað hafði verið vottorð um andlát konu embættismanns, er svo komizt að orði í þessu brjefi: Ráðgjafinn vill að öðru leyti af tilefni því, sem málefni þetta gefur til þess, biðja yður, herra landshöfðingi, að leggja fyrir landfógetann eptirleiðis að senda hingað skýrslu í hvert sinn, er embættismannskona deyr, sem útvegað hefir verið lífsfje eptir dag bónda síns frá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni 1871, og sem lífsábyrgðargjald er greitt fyrir í jarðabókarsjóð Íslands — svo að komizt verði hjá því, að ríkissjóðurinn fyrir hönd jarðabókarsjóðsins greiði tjeðri stofnun fyrirfram árgjald, sem jarðabókarsjóðurinn hefir ekki veitt viðtöku. 180 17. okt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lögtign sýslumanns.* 181 21. okt.
— Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. f. m. þar sem þjer með tilliti til athugasemdar, er hlutaðeigandi endurskoðandi jarðabókarsjóðsreikningsins 1875 hafði gjört, spyrjizt fyrir um það, hvort Benedikt sýslumaður Sveinsson geti álitizt skyldur að gjalda nafnbótaskatt, eptir að honum hinn 19. ágúst 1870 var vikið úr embætti því, er hann gegndi sem 2. dómari og dómsmálaritari hins konunglega íslenska landsyfirrettar, lætur ráðgjafinn yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þegar haft er tillit til, hvernig embættismanni þessum á sínum tíma var vikið úr nefndu embætti,

1) Þær ganga út á, að Birni verði ætlaðar 15 kennslustundir á hverri viku, ef annar kennari tekur þátt í umsjóninni með honum, en annars naumast meira en 12 stundir.

181 verður ekki betur sjeð, en að hann hafi ekki haldið nafnbót þeirri, er honum var veitt
21. okt. sem yfirdómara.

Út af álitni því, er Benedikt sýslumaður Sveinsson hefir látið í ljósi um málið, þykir ráðgjafanum á hinn bóginn hlýða, að bæta því við, að þar eð hann með því hinn 13. maí 1876 að vera skipaður í embætti það, sem hann nú er í, hefir samkvæmt konungsúrskurði 20. maí 1874 öðlazzt hærri embættisnafnbót, en þá er fylgdi yfirdómaraembætti því, sem honum var vikið úr, þá gæti það, hvornig sem á málið væri litid, allsendis ekki komið til tals að greiða skatt af þessari nafnbót.

182 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurgjald á strand-
22. okt. manna kostnaði. — Eptir að ráðgjafinn hafði að nýju skrifað utanrikisstjórninni í tilefni af þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 12. október f. á.¹ viðvíkjandi endurgjaldi á þeim 633 kr., sem Snorri verzlunarstjóri Pálsson á Siglufirði hafði lagt út 1874 í fæðispeninga fyrir nokkra norska skipbrotsmenn af skipinu «Tromsö» frá Hamborg — hefir utanrikisstjórnin skýrt frá því, að hin keisaralega þýzka ríkisstjórn hafi nú samkvæmt endurnýjaðri áskorun utanrikisstjórnarinnar tjáð sig fúsa á að endurgjalda hina eptirösktu upphæð úr hinum þýzka ríkissjóði, og sent hingað 712 Rm% 12 pf., sem hefir verið skipt fyrir 632 kr., og þær greiddar í ríkissjóðinn, sem tekjur fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

Jafnframt því að tjá yður hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, vill ráðgjafinn hjer með þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, vilduð þóknanlega sjá til, að greiddar verði úr jarðabókarsjóði, sem gjöld fyrir ríkissjóðinn til Snorra verzlunarstjóra Pálssonar fyrnefndar 632 kr. gegn kvittun í tvennu lagi, og sje önnur þeirra send hingað, svo henni verði komið til hinnar keisaralegu þýzka ríkisstjórnar.

183 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um aðstoðarlækni í
3. nóv. Dalasýslu. — Þjer hafði, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá sóknarpresti sira Jakobi Guðmundssyni á Saudafelli í Dalasýslu og vesturumdæmi Íslands, er hlutaðeigandi amtmáður og landlæknirinn hafa veitt meðmæli sín, og þar sem nefndur prestur sækir um, að sjer megi veitast *venia practicandi*, sem aðstoðarlækni, samkvæmt 6. grein tilsk. 5. september 1794, og með því að mikil þörf sje á lækni í Dalasýslu, sem er hluti hins 4. læknishjeraðs, er auk tjeðrar sýslu nær yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Flateyjarsókn af Barðastrandarsýslu. Í annan stað hafði þjer í þóknanlegu brjefi frá 28. ágúst þ. á. lagt það til, að beiðandanum megi verða leyft að veita læknishjálp í Dalasýslu, en þó þannig, að hann sje háður eptirliti hjeraðslæknisins í framkvæmdum sínum, sem aðstoðarlæknir.

Eptir að skrifazt hefir verið á út af þessu málefni við hið konunglega heilbrigðisráð, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn veitir beiðandanum *veniam practicandi* í Dalasýslu samkvæmt 6. grein tilskip. 5. sept. 1794, þannig að hann sem aðstoðarlæknir á að vera háður eptirliti hlutaðeigandi hjeraðslæknis.

1) Sbr. brjef ráðgjafans frá 25. júní f. á. (stjórnartíð. s. á. B. 105).